



Greinagerð vegna niðurrifs á úreltum skipum

11 febrúar 2003

1. Inngangur

Í samræmi við tillögu til þingsályktunar þskj. 915-586.mál á 127. löggjafarþingi 2001-2002, þá skrifum við svohljóðandi greinagerð um niðurrif og endurvinnslu úreltra skipa sem liggja ónotuð í höfnum landsins.

2. Formáli

Forsaga þessa máls er löng, en þessi umræða hefur verið að aukast verulega undanfarið. Nú liggur fyrir frumvarp þar sem lagt er til að lögum verði breytt þannig að heimilað verði að sökkva úr sér gengnum skipum á sérstökum hafsvæðum.

Í grein sem birtist í mbl.þann 9.1.2003 er upplýst að ef skipunum verði sökkt sé það mun ódýrari leið heldur en ef skipunum verði fargað eftir öðrum leiðum s.s. að taka skipin upp til niðurrifs og endurvinnslu.

Með þessari greinargerð munum við færa rök fyrir því að kostnaður við niðurrif og endurvinnslu skipa er mun minni en tekið er fram í greininni og standi alveg jafnfætis því sem það myndi kosta að hreinsa öll spilliefni, draga skipin á haf út og sökkva þeim. Einnig munum við sýna fram á að sú leið sem við leggjum til að verði farin er í alla staði mun umhverfisvænni heldur en sú sem lögð er til í ofangreindu frumvarpi og samrýmist þannig mun betur þeim kröfum sem gerðar eru til náttúruverndar og endurnýtingar í nútíma samfélögum.

3. Endurvinnsla brotajárns

Hringrás ehf hefur rúmlega 50 ára reynslu af því að endurvinna brotajárn (áður sem Sindra Stál hf) Um margra ára skeið hefur fyrirtækið haft sérhæfðan búnað til að vinna að niðurrifi mannvirkja og skipa. Hin síðari ár hefur fyrirtækið enn frekar verið að styrkja stöðu sína hvað tækjabúnað varðar og hefur meðal annars, 3 brotajárnsklippur sem sérhæfðar eru í að rífa niður skip og önnur mannvirki. Einnig er fyrirtækið með færanlega endurvinnslustöð sem hægt er að koma hvert á land sem er til að pressa, klippa og vinna brotajárn til útflutnings og er með samninga við fjölmörg sveita og bæjarfélög þar sem endurvinnsla og útflutningur brotamálms er árviss liður.

4. Umsögn

Samkvæmt könnun sem gerð hefur verið um fjölda skipa og báta sem liggja ónýtt í höfnum landsins þá er áætlað að árið 2000 hafi þau veri 158 að tölu. Og eru þau farin að verða hafnarstjórnun til verulegra vandræða þar sem þau taka viðlegupláss, þau geta sokkið og valda sjón og umhverfismengun.

Tillaga Hringrásar snýst um að gera samninga við helstu slippstöðvar landsins til þess að taka skipin upp, oliutæma þau og hreinsa þau af öllum mengandi efnum (m.a. olíur, rafgeyma, kælivökva o.s.frv.) Síðan myndi Hringrás rífa niður skipin og flokka úrganginn í tilheyrandi gáma fyrir járn, timbur, plast o.s.frv. Hringrás myndi síðan endurvinna járníð og koma öðrum úrgangi í viðeigandi sorpeyðingu.

5. Aðgerðaráætlun

A. Undirbúningur

Áður en ráðist verður í verkefnið þarf að gera úttekt, þar sem fram kemur umfang og tímalengd verkefnisins. Einnig þarf að kortleggja hvar þessi skip eru staðsett, og hvernig á að forgangsraða verkefninu.

Tillaga okkar snýst um að hér sé um samstarfsverkefni Umhverfissráðuneytisins, bæjarfélaganna, hafnarsjóða, slippstöðva, sorpeyðingarstöðva og Hringrásar að ræða. (með mögulegri innkomu eigenda, LIÚ og/eða Sjávarútvegráðuneytisins). Einnig væri hægt að tengja þetta verkefni við hreinsunaráttak í bæjarfélögunum sem yrði auglýst sérstaklega þegar tímaáætlanir eru tilbúnar.

Mikilvægt er að fá alla í lið, sem hafa hagsmuna að gæta, um að koma þessu verkefni af stað og því þarf undirbúningsvinnan að vera vel skipulögð.

B. Kostnaður

Eins og fram hefur komið hér að ofan þá er hér um 158 skip að ræða. Áætla má að kostnaður við hvert skip sé á bilinum 2,2 – 2,4 milljónir. Þetta þýðir að heildarkostnaður við verkefnið er á bilinu 347 – 379 milljónir. Endanlegt heildarverð fer eftir meðalstærð og umfangi þeirra báta sem um ræðir að rífa niður.

Kostnaður þessi miðast við að skipið sé afhent að viðkomandi skipasmíðastöð. Innifalið í kostnaðinum er að hreinsa öll spilliefni, rífa niður, flokka, endurvinna og farga öllum úrgangi. Þessi kostnaður er háður því að þjónustukostnaður skipasmíðastöðva sé í samræmi við þau tilboð sem við höfum aflað okkur (við upptöku, hliðarfærslu, aðstöðu og oliutæmingu). En könnun okkar hefur leitt í ljós að þau verð séu raunhæf, hjá þeim skipasmíðastöðvum sem við höfum rætt við og eru þau verð innifalin í ofangreindum tölum.



Annar kostnaður ótalin hér að ofan er, dráttarkostnaður á bátum að skipasmíðastöð og úttekt heilbrigðisfulltrúa sem myndi þá falla á hafnasjóði, eða aðra þá sem ábyrgðina bera af þessum skipum.

C. Tímamörk.

Áætla má að niðurrif og förgun á hverju skipi taki um það bil 10-14 daga að meðaltali og því má áætla að þetta verkefni taki allt að 4-5 ár, sé um það að ræða að rífa niður hvert einasta skip. Ef til vill er hægt að stytta þennan verktíma með því td., að vinna við 2-3 skip í einu en fyrirtækið hefur 3 stórvirkar beltagröfur m/brotjárnsskærum sem klippa með allt að 1000 tonna afli, til þess að setja í verkefnið ef ákveðið verður að fara þessa leið og væri tíminn þá kominn niður í 2 - 2,5 ár.

6. Niðurlag

Það má ljóst þykja að sú leið sem við leggjum til er umhverfisvæn og þjóðhagslega hagkvæm lausn sem flytur virðisauka inn í atvinnulífið og skilar á endanum gjaldeyri inn í landið sem fæst fyrir endurunnin brotamálminn við útflutning. Í grein í Mbl. Þann 9.1.2003 er kostnaður við förgun/endurvinnslu þessara skipa áætlaður upb. 1.000 milljónir. Með þessari greinargerð viljum við sýna fram á að það er vel mögulegt að rífa og endurvinna þessi skip fyrir ekki meira en 40% af þeim kostnaði. Líklega má telja að kostnaðurinn við þá aðferð að sökkva skipunum sé engu minni.

Hringrás ehf er tilbúið að vinna að þessum lausnum með umhverfisnefnd Alþingis.

Með vinsemd og virðingu

Hringrás ehf

Hringrás ehf

Einar Ásgeirsson
Framkvæmdastjóri

Einar Guttormsson
Fjármálastjóri

RV. Ráðgjöf –verktaka ehf

Guðmundur Pétursson